



Hjálparstarf
kirkjunnar
actalliance

Starfsskýrsla **2017-2018**

Hjálparstarf kirkjunnar

Starfsskýrsla 2017–2018

Aðalfundur

29. september 2018

haldinn í Grensáskirkju



actalliance

Efnisyfirlit

Inngangur

Verkefni á alþjóðavettvangi

Mannúðaraðstoð vegna náttúruhamfara og stríðsátaka

Vinátta í verki til – aðstoð vegna náttúruhamfara á Grænlandi

Mannúðaraðstoð í Jórdaníu við flóttafólk frá Sýrlandi

Mannúðaraðstoð vegna þurrka, flóða og innanlandsátaka í Epíópíu

Þróunarsamvinna

Epíópía

Vatn, fæðuöryggi og valdefling kvenna

Indland

Skóli og heimavist fyrir fátæk börn í

Andhra Pradeshfylki

Úganda

Börn sem búa við sára fátækt eru í forgangi

í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar

Ungmennin sem fá séns í Kampalaverkefni

Hjálparstarfs kirkjunnar

Verkefni innanlands

Neyðaraðstoð vegna fátæktar

Ráðgjöf

Efnisleg aðstoð

Inneignarkort fyrir matvöru

Aðstoð við börn og unglinga sem eru útsett

fyrir félagslegri einangrun

Aðstoð vegna kaupa á lyfjum og hjálpartækjum

Notaður fatnaður

Jólaaðstoð

Valdefling og aukin virkni fólks í félagslegri neyð

Virkni og vellíðan – taktu ábyrgð á eigin lífi

Stattu með sjálfri þér – virkni til farsældar

Taupokar með tilgang

Breiðholtsbrúin

4	Borðum saman	19
5	Sumarbúðir fyrir fjölskyldur á Úlfjótssvatni	19
	Matjurtarækt í Seljagarði	19

5 Fræðslu- og málsvarastarf 20

Fræðsla 20

6 Fréttablaðið Margt smátt... 20

6 Fréttabréf til Hjálparliða 20

6 Samfélagsmiðlar og heimasíða 20

6 Ródd í miðlum 20

6 Fræðsla fyrir fermingarbörn og fleiri 21

Málsvarastarf 21

8 Málsvarastarf vegna aðstæðna á

8 alþjóðavettvangi 21

9 Breytendur 21

9 Málsvarastarf vegna aðstæðna á Íslandi 21

9 Fjármál 23

9 Fjáröflun 23

10 Haustöfnun – Ekkert barn útundan! 23

10 Áheitaflaup í Reykjavíkumaraþoni og

10 móttaka til heiðurs hlaupurum í Háteigskirkju 23

11 Fjáröflun með aðstoð barna í fermingafræðslu

11 um land allt 23

11 Jólásöfnun og styrkir til verkefna frá stofnunum,

11 fyrirtækjum og félagsmtökum 24

12 Páskasöfnun 24

15 gjofsemgefur.is og framlag.is 24

16 Hjálparliðinn 24

16 Framlög til verkefna og reksturs 25

16 Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk 26

17 Hlutverk 26

17 Skipulag 26

18 Framkvæmdastjórn 26

18 Starfsfólk Hjálparstarfs kirkjunnar 26

18 Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar 27

Inngangur

Ójöfnuður innan og milli samfélaga, loftslagsbreytingar, vatnsskortur, fæðuöryggi, vannæring, ófriður og vaxandi fjöldi flóttafólks í heiminum kalla á kröftugar aðgerðir stjórnvalda og alls almennings svo heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun náist fyrir árið 2030. Hjálparstarf kirkjunnar leggur sitt af mörkum til þess að markmiðin um að útrýma fátækt, græða og vernda jörðina og tryggja öllum mannréttindi náist á tilsettum tíma.

Á Íslandi veitir Hjálparstarf kirkjunnar fólki sem býr við fátækt efnislega aðstoð og félagslega ráðgjöf ásamt því að tala máli þeirra sem búa við efnislegan skort svo samfélagið taki tillit til þarfa þeirra og réttinda og að gripið verði til aðgerða sem breyta lífsmöguleikum þeirra til hins betra. Hjálparstarf kirkjunnar starfar með prestum, félagsþjónustu sveitarfélaga, öðrum mannúðarsamtökum, stofnunum og ráðuneytum að úrlausn verkefna en ekkert er skipulagt án þess að notendur þjónustunnar séu hafðir með í ráðum.

Í þróunarsamvinnu starfar Hjálparstarf kirkjunnar með staðbundnum hjálparsamtökum og Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins, LWF/DWS. Unnið er með heimamönnum á hverjum stað sem þekkja vandann af eigin raun og menninguna, venjur og tungumál. Mannúðaraðstoð veitir Hjálparstarf kirkjunnar í samstarfi við Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna, ACT Alliance, í kjölfar náttúruhamfara og vegna vopnaðra átaka en öll aðstoð er veitt án skilyrða og aðgreiningar og fer fram eftir alþjóðlegum stöðlum um mannúðaraðstoð og ströngum siðareglum.

Þeir sem hafa fyrir því að lesa þessa skýrslu munu uppgötva að þetta eru ekki bara orð um orðinn hlut heldur upphafið að einhverju miklu meira. Skref í átt til framfara fyrir þá sem í hlut eiga. Höldum starfinu áfram saman, styðjum það og eflum.

Kærar þakkir fyrir allan stuðning.

*Bjarni Gíslason
framkvæmdastjóri*

Verkefni á alþjóðavettvangi

Hjálparstarf kirkjunnar leggur lóð sín á vogarskálarnar til þess að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun náist fyrir árið 2030. Áskoranirnar eru risavaxnar og margslungnar; ójöfnuður innan og milli samfélaga, loftslagsbreytingar, vatnsskortur, fæðuóöryggi, vannæring, ófriður og vaxandi fjöldi flóttafólks í heiminum.

Sem kirkjutengd stofnun nýtur Hjálparstarf kirkjunnar þeirrar sérstöðu að byggja á grasrótastarfi í nærsamfélaginu en meginmarkmið eru bætt lífskjör þeirra sem búa við fátækt og að mannréttindi séu virt.

Í mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu liggur styrkur Hjálparstarfs kirkjunnar í samvinnu við hjálparstofnanir sem þekkja staðhætti á verkefnasvæðum. Þær þekkja söguna og menninguna en það auðveldar skipulagningu og útfærslu aðstoðar og þær eru áfram á svæðinu eftir að alþjóðlegri aðstoð lýkur og geta mælt árangur hennar.

Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins, LWF/DWS, og Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance. Einnig er gott samstarf við systurstofnanir á Norðurlöndum. Þá er alþjóðlegt Hjálparstarf kirkna unnið í náinni samvinnu við hjálparstofnanir Sameinuðu þjóðanna og eftir ströngustu stöðlum um faglegt hjálparstarf.

Starfið felst í efnislegri aðstoð við fólk í neyð, valdeflingu sem leiðir til sjálfshjálpar þeirra sem starfað er með og í því að tala máli þeirra sem í nauðum eru staddir svo samfélagið taki tillit til þarfa þeirra og réttinda og að grípið verði til aðgerða sem breyta lífsmöguleikum þeirra.

Verkefni eru valin án tillits til þjóðernis, kynþáttar, kyns, lífsskoðanna eða pólitískra hugmynda þeirra sem þurfa aðstoð og án tillits til orsakar neyðarinnar. Þau eru á hverjum tíma valin eftir efnahag stofnunarinnar, hjálparbeiðnum sem berast og mati stjórnar og samstarfsaðila um hvar og hvernig hjálpin skilar bestum árangri.

Hjálparstarf kirkjunnar leitast við að styðja fólk og samfélög við að finna eigin lausnir á vanda sem að þeim stöðjar og að vinna þannig með fólk að það valdeflist og taki virkan þátt í ákvarðanatöku um líf sitt og heilsu. Það er gert með því að veita stuðning til formlegrar og óformlegrar skólagöngu og með ýmiss konar þjálfun og efnislegri aðstoð. Hluti af starfinu felst í fræðslu um réttindi og skyldur einstaklinga, samfélags og stjórnvalda eða annarra sem bera ábyrgð á velferð fólks. Hjálparstarf kirkjunnar virkjar skjólstæðinga eins og mögulegt er í öllum verkefnum og leitast er við að byggja upp þekkingu og færni fólks svo þróun verði sjálfbær og utanaðkomandi aðstoð óþörf.

Mannúðaraðstoð vegna náttúruhamfara og stríðsátaka

Hjálparstarf kirkjunnar veitir mannúðaraðstoð fyrst og fremst í samstarfi við að Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna, ACT Alliance, sem sameinar krafta 146 kirkjutengdra hjálparstofnana í yfir 100 löndum með um 25.000 starfsmenn og mikinn fjölda sjálfbodaliða innan sinna

raða. Mannúðaraðstoð í kjölfar náttúruhamfara og vegna vopnaðra átaka er veitt án skilyrða og aðgreiningar og fer fram eftir alþjóðlegum stöðlum um faglega mannúðaraðstoð og ströngum siðareglum.

Meginmarkmið með mannúðaraðstoð er að óbreyttir borgarar njóti verndar gegn stríðsátökum, mannlífum sé bjargað með því að mæta grunnþörfum fólks, heilsufar fólks hafi batnað og velferð þess aukist og að viðnámsþróttur samfélaga og geta til að lifa af hamfarir aukist.

Vinátta í verki til – aðstoð vegna náttúruhamfara á Grænlandi

Þann 17. júní 2017 urðu miklar náttúruhamfarir á vesturströnd Grænlands þegar flóðbylgja sópaði ellefu húsum á haf út í þorpinu Nuugaatsiaq og fjórir fórust. Skákkfélagið Hrókurinn leitaði í kjölfarið liðsinnis Hjálparstarfs kirkjunnar um að safna fyrir aðstoð við íbúana en vegna hættu á frekari hamförum hafa íbúar þorpsins ekki fengið að snúa aftur heim. Í landsöfnun þar sem öll 74 sveitarfélögin í landinu lögðu hönd á plóg söfnuðust 39,6 milljónir króna. Á starfsárinu 2017–2018 var sjálfstæður velferðarsjóður, Vinátta í verki, stofnaður til að útteila söfnunarfénu á þann hátt að það nýtist börnum og ungmennum á svæðinu sem best.

Mannúðaraðstoð í Jórdaníu við flóttafólk frá Sýrlandi

Í febrúar 2018 samþykkti utanríkisráðuneytið að veita 25 milljóna króna framlag til mannúðaraðstoðar Hjálparstarfs kirkjunnar við flóttafólk frá Sýrlandi og fólk sem býr við kröppustu kjörin í móttökusveitarfélögum í Jórdaníu.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Lútherska heimssambandið til loka árs 2018. Fólkið fær húsbúnað og aðstoð við að koma sér fyrir ásamt stuðningi við að afla sér lífsviðurværis með starfsnámi og greiðslu fyrir vinnuframlag. Skólagjöld eru greidd fyrir samtals 75 nemendur og 100 konur fá þjálfun og aðstoð við að koma sér upp verslun með smáíðnað. Þá er börnum og unglingum veittur sálrænn stuðningur og sálfélagsleg þjónusta veitt konum með því að bjóða þeim að taka þátt í skipulögðum íþróttum.

Mannúðaraðstoð vegna þurrka, flóða og innanlandsátaka í Eþíópíu

Þurrkar hafa verið viðvarandi í áratugi víðsvegar um Eþíópíu og þá sérstaklega í Órómía- og Sómalífykjum en ástandið er þar enn alvarlegra vegna pólitískra deilna milli þjóðarbrotá. Átökin hafa hrakið bændur af landi sínu en samkvæmt samhæfingarmiðstöð mannúðaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna (UNOCHA) á svæðinu eru nú um átta milljónir íbúa háðar stjórnvöldum og hjálparsamtökum um lífsviðurværi.

Þann 19. júní 2018 veitti utanríkisráðuneytið 25 milljónum króna til mannúðaraðstoðar Hjálparstarfs kirkjunnar til sjálfsþurftarbænda vegna þurrka og flóða sem og við fólk á vergangi vegna átaka í fylkjunum tveim. Börn og mæður með börn á brjósti sem og fólk með fötlun eða sjúkdóma er í forgangi en alls er áætlað að aðstoðin nái til 198.446 manns til sex mánaða.

Aðstoðinni er ætlað að tryggja fólkinu aðgengi að hreinu vatni, auka fæðuval og bæta hreinlætisaðstöðu. Fólkið fær kindur og geitur og korn til sáningar, fatnað, búsáhöld og verkfæri. Sálrænn stuðningur er einnig veittur fólki sem flúið hefur heimkynni sín vegna átaka.

Þróunarsamvinna

Að létta á örbirgð og efla virðingu fyrir mannréttindum þeirra sem líða fátækt og óréttlæti eru yfirmarkmið með öllum þróunarsamvinnuverkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar. Starfið snýr fyrst og fremst að þeim sem verst eru settir og þeim sem ekki geta björg sér veitt.

Nálgun stofnunarinnar er að styðja fólk og samfélög við að finna eigin lausnir á vanda sem að þeim stöðjar og efla fólk til áhrifa. Það er gert með því að veita því stuðning til formlegrar og óformlegrar skólagöngu og með ýmiskonar þjálfun og efnislegri aðstoð. Hluti af starfinu felst í fræðslu um réttindi og skyldur einstaklinga, samfélags, stjórnvalda og annarra sem bera ábyrgð á velferð fólks.

Í öllum þróunarsamvinnuverkefnum leitast Hjálparstarf kirkjunnar við að virkja skjólstæðinga eins og mögulegt er og áhersla er lögð á að byggja upp þekkingu og færni fólks svo þróun verði sjálfbær og utanaðkomandi aðstoð óþörf.

Stefnt er að því að skapa sjálfbær samfélög með því að hjálpa þeim verst settu við að tryggja sér nægt vatn og fæðu, skapa aðgang að menntun og hjálpa fólki við að afla sér tekna eftir nýjum leiðum. Hjálparstarf kirkjunnar vill þannig opna farveg fyrir breytingar, fjölga tækifærum þeirra verst settu og auka möguleika þeirra til að nýta sér þau og lifa með reisn, sjálfu sér nógt.

Stefnt er að því að auka möguleika kvenna og stúlkna með því að beina aðstoð frekar til þeirra og um leið sjá til þess að veitt aðstoð nýtist fjölskyldu og samfélagi sem best. Einnig að vinna gegn ofbeldi gegn konum og fræða um mannréttindi. Í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar er lögð áhersla á að fræða og þjálf þá sem eru utangarðs til þess að móta sér skoðanir og taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra.

Hjálparstarf kirkjunnar vill auka möguleika hinna verst settu til menntunar. Stuðlað er að því að börn, ekki síst stúlkur, komist í skóla og heltist ekki úr lestinni heldur ljúki námi sem veitir starfsréttindi eða rétt til framhalds- og háskólanáms. Einnig er leitast við að auka möguleika fullorðinna, ekki síst kvenna til að læra eitthvað hagnýtt sem bætir lífsafkomu þeirra.

Í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar er unnið að því að hefta útbreiðslu HIVveirunnar og koma í veg fyrir upplausn í fjölskyldum og samfélagi af völdum alnæmis með fræðslu, forvörnum og stuðningi við sjúka, aðstandendur þeirra og eftirlifandi börn og fjölskyldur.

Hjálparstarf kirkjunnar er sér meðvitað um umhverfismál og hættur sem fátæku fólki, umfram aðra, stafar af hnignun umhverfisins. Í verkefnum sínum leggur stofnunin því áherslu á fræðslu um umhverfismál og aðgerðir og umbætur sem vernda umhverfið og snúa við hættulegri þróun þar sem hún á sér stað. Hjálparstarf kirkjunnar nýtir sér þekkingu samstarfsaðila á aðstæðum til þess að vinna sjálfbærum aðferðum fylgis svo sem

varðandi tegundir og aðferðir við ræktun, skepnuhald og tvinnar jafnframt forvarnir gegn flóðum, þurrkum og öðrum áhrifum veðurfarsbreytinga inn í starf sitt.

Í þróunarsamvinnu erlendis vinnur Hjálparstarf kirkjunnar með grasrótarsamtökum og Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins, LWF/DWS, en fleiri en 2,7 milljónir jarðarbúa njóta aðstoðar þess á ársgrundvelli. Yfir 8.000 starfsmenn vinna með heimamönnum á hverjum stað sem þekkja vandann af eigin raun sem og menninguna, venjur og tungumál. LWF/DWS er einn stærsti samstarfsaðili Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNHCR, í heiminum.

Epíópía

Vatn, fæðuöryggi og valdefling kvenna

Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er með sárafátæku fólki í Sómalífylki í Epíópíu. Meginmarkmið verkefnisins eru að bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni, að fólkið geti bætt fæðuöryggi sitt með bættum aðferðum í landbúnaði og að styrkja stöðu kvenna, samfélaginu öllu til farsældar. Verkefnið hefur verið unnið í samstarfi við Lútherska heimssambandið í Epíópíu með dyggum stuðningi frá einstaklingum og utanríkisráðuneytinu frá árinu 2007.

Brunnar hafa verið grafnir og þar sem það er ekki mögulegt hafa verið grafnar vatnsþrær fyrir regnvatn. Nýjar og þurrkþolnari korntegundir hafa verið kynntar til sögunnar sem og bættar ræktunaraðferðir og betri verkfæri. Dýraliðar hafa verið þjálfaðir til að meðhöndla dýrasjúkdóma og bólusetja búfé. Konur hafa tekið þátt í sparnaðar- og lánahópum og þær hafa fengið fræðslu um hvernig er best farið af stað með eigin rekstur. Margar kvenanna hafa hafið rekstur í kjölfar þjálfunar og fræðslu. Þær reka litla búð, hafa hafið geita- og hæsnarækt og byrjað að rækta grænmeti. Konur sem hafa tekið þátt í verkefninu tala um að þær hafi fjárráð og ákvörðunarvald en það var nær óþekkt að konur hefðu slíkt á verkefnasvæðunum áður en verkefnið hófst.

Á 10 árum hefur aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar náð til fleiri en 130.000 einstaklinga í Jijigahéraði og breytt lífi þeirra til hins betra. Í lok árs 2017 lauk aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar í héraðinu enda var sjálfbærni ein megin stoðin í verkefninu þar.

Í matsskýrslu sænska ráðgjafafyrirtækisins NIRAS indevelop fyrir utanríkisráðuneytið frá janúar 2018 kemur fram að árangur af verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Jijiga sé mjög góður og að veruleg breyting hafi orðið á aðstæðum fólksins til hins betra. Styttra sé í hreint vatn, fæða fólks sé fjölbreyttari og næringarríkari en áður og að búfé sé heilbrigðara.

Í skýrslu NIRAS segir að konurnar á svæðinu noti tekjurnar sem þær afla til að fæða og klæða börn sín, tryggja skólagöngu þeirra og góða heilsu. Jafnframt er tekið fram að hjálparstarf Lútherska heimssambandsins sé faglegt og að það nýti fjármuni skynsamlega. Skýrslu NIRAS í heild er að finna á vefsíðu Hjálparstarfs kirkjunnar.

Í upphafi árs 2018 hóf Hjálparstarf kirkjunnar samskonar aðstoð í nágrennahéraðinu Kebri Beyah sem er austur af Jijiga. Verkefnið er til þriggja ára með stuðningi frá utanríkisráðuneytinu. Markhópurinn á nýju verkefnissvæði eru 2.987 fjölskyldur, alls um 15.000 manns en þar af eru um 3.000 börn yngri en fimm ára.

Verkefnið fór hægar af stað en til stóð. Staðaryfirvöld voru öll af vilja gerð en tafir urðu á undirskrift leyfisveitinga fyrir framkvæmd verkefnisins. Óeirðir á landamærum milli Sómalí- og Órómfíykja töfðu einnig fyrir framgangi verkefnisins en það fór þó af stað á öðrum ársfjórðungi 2018. Þegar það gat svo hafist var Ramadan, trúarhátíð Múslima, hafin. Framkvæmd tafðist því enn enda eru 98% íbúa héraðsins Múslimar.

Þótt verkefnið hafi farið hægar af stað en til stóð er þó áætlað að ná markmiðum fyrri hluta ársins 2018 á síðari hluta ársins ásamt markmiðum fyrir það tímabil enda eru nú öll tilskild leyfi til staðar og íbúar og stjórnvöld reiðubúin til samstarfs.

Framkvæmdastjóri og fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar fóru í vettvangsferð til Jijiga og Kebri Beyah í maí 2018.

Indland

Skóli og heimavist fyrir fátæk börn í Andhra Pradeshfylki

Hjálparstarf kirkjunnar heldur enn um sinn áfram stuðningi sínum við skólastarf Sameinuðu indversku kirkjunnar, United Christian Church of India eða UCCI, sem hefur starfað í Andhra Pradeshfylki í austurhluta Indlands frá árinu 1972. Frá stofnun hefur UCCI hjálpað fátækum fjölskyldum með því að reka skóla, heimavist og spítala ásamt því að gefa fátækum mat.

Hjálparstarf kirkjunnar hefur í rúman aldarfjórðung stutt starf UCCI með því að kosta börn í skóla og heimavist ásamt því að senda stök framlög til viðhalds bygginga og til starfsemi spítalans. Starfsárið 2017 – 2018 styrktu Hjálparstarf kirkjunnar og um 220 íslenskir fósturforeldrar 277 börn til skólavistar hjá UCCI. Sextíu og sjö barnanna voru í grunnskóla og 210 í bóklegu eða verklegu framhaldsnámi. Hjálparstarf kirkjunnar greiddi einnig laun átta kennara við skólann.

Úganda

Börn sem búa við sára fátækt eru í forgangi í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar

Frá árinu 2006 hefur Hjálparstarf kirkjunnar tekið þátt í verkefnum í þágu HIVsmitaðra, alnæmissjúkra, aðstandenda þeirra og eftirlifenda í þremur héruðum í Úganda; Rakaí, Lyantonde og Sembabule þar sem nýsmit HIV hefur verið tíðara en annars staðar í landinu.

Síðustu starfsár hefur samstarf Hjálparstarfs kirkjunnar verið við samtökin Rakai Community Based AIDS Organization (RACOB AO) sem sprottin eru upp úr starfi Lútherska heimssambandsins í Rakaí og Lyantonde. Skjólstæðingar RACOB AO eru fyrst og fremst börn sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi og búa ein sem og HIVsmitaðir einstæðir foreldrar og ömmur sem hafa börn á framfæri og búa við sára fátækt.

Áhersla er lögð á að bæta lífsskilyrði fólksins með því að reisa íbúðarhús með grunnhúsbúnaði, eldaskála með hlóðum sem spara eldsneyti og helstu áhöldum. Reistir eru kamrar og fólkið frætt um samband hreinlætis og smíthættu og hvernig bæta má hreinlætisað-

stöðu. Aðgangur að hreinu vatni er aukinn til muna með því að koma upp rigningarvatns-söfnunartönkum við hlið íbúðarhúsanna og með viðhaldi á brunnum í héruðunum. Fólkið fær svo geitur og hænur til að auka fæðuval og möguleika á tekjuöflun.

Sænska ráðgjafafyrirtækið NIRAS indevelop fór lofsamlegum orðum um verkefnið í mats-skýrslu fyrir utanríkisráðuneytið í janúar 2018. Í skýrslunni er meðal annars fjallað um gildi verkefnisins fyrir þróun stofnanafærni RACOBABO sem staðbundinna hjálpar-samtaka.

Á árinu 2018 áætla Hjálparstarf kirkjunnar að aðstoða við byggingu húsa, eldaskála, kamra og vatnstanka fyrir þær þrjár fjölskyldur sem samfélögin í Rakaí og Lyantonde meta að séu í brýnustu þörf fyrir aðstoð.

Ungmennin sem fá tækifæri í Kampalaverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar

Í janúar 2017 hóf Hjálparstarf kirkjunnar stuðning við börn og ungmenni í Kampala, höfuðborg Úganda en samkvæmt Alþjóðabankanum er atvinnuleysi meðal ungs fólks hvergi meira í heiminum en einmitt þar eða um 60%.

Verst er ástandið í höfuðborginni Kampala en þangað flykkist ungt og oftast ómenntað fólk úr sveitum landsins í von um betra líf. Margra þeirra bíður hins vegar að kúldrast í fátækrahverfum þar sem neyðin rekur þau til að taka þátt í glæpagengjum eða selja líkama sinn til að geta séð sér farborða. Börn og unglingar í höfuðborginni eru því útsett fyrir misnotkun af ýmsu tagi og eymdin leiðir til þess að þau verða auðveldlega fíkniefnum að bráð.

Kampalaverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar er í þremur fátækrahverfum borgarinnar og varir í 3 ár. Áætlaður heildarkostnaður er um 33 milljónir króna. Markhópurinn eru 1500 börn og ungmenni á aldrinum 13-24 ára. Markmiðið er að unga fólkið öðlist verk-kunnáttu sem það getur nýtt til að sjá sér farborða, að það taki þátt í uppbyggilegum tólmstundum og námskeiðum sem styrkja sjálfsmyndina og að þau séu upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Lútherska heimssambandið og samtökin UYDEL (Ugandan Youth Development Link) með stuðningi utanríkisráðuneytisins. UYDEL hefur rúmlega tuttugu ára reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfum Kampala.

Í smiðjum UYDEL geta ungmennin valið sér ýmis svið og öðlast nægilega hæfni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði svo sem við hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun, sauma-skap og sápugeti. Í smiðjunum er kennt fyrir hádegi en eftir hádegi er skipulagt frístunda-starf í boði. Eitt af því sem unglingarnir geta lagt stund á er dans og trumbusláttur en í Kampala er vinsælt að ráða danshópa til að sýna hefðbundinn dans í veislum við ýmis tækifæri. Dansinn og tónlistina er geta unglingarnir þannig nýtt sér til framfærslu.

Fræðslufulltrúi og félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar fóru í vettvangsferð til Kampala í apríl 2018 ásamt Þorkeli Þorkelssyni sem tók myndir sem notaðar hafa verið í fræðslu og fjáröflun fyrir verkefnið.

Verkefni innanlands

Hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar er að starfrækja mannúðar- og hjálparstarf í nafni íslensku þjóðkirkjunnar. Í því felst að veita fólki aðstoð í neyðartilfellum ásamt því að beina fólki þangað sem það getur vænst aðstoðar sem stofnunin veitir ekki beint. Hjálparstarf kirkjunnar leggur ríka áherslu á að tryggja velferð barna og því er sérstaklega hlúð að barnafjölskyldum.

Hjálparstarf kirkjunnar er óháð og sjálfstætt og aðstoðar fólk án tillits til trúar- og lífsskoðana, þjóðernis, litarháttar eða kyns þess.

Starfið felst í aðstoð við fólk í neyð með því að greina vandann, veita félagslega ráðgjöf og efnislegan stuðning. Það felst einnig í valdeflingu sem leiðir til sjálfshjálpar þeirra sem starfað er með og í því að tala máli þeirra sem í nauðum eru staddir svo samfélagið taki tillit til þarfa þeirra og réttinda og að gripið verði til aðgerða sem breyta lífsmöguleikum þeirra til hins betra.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar starfa með prestum og djáknum, félagsþjónustu sveitarfélaga, öðrum mannúðarsamtökum, stofnunum og ráðuneytum að úrlausn verkefna en ekkert er skipulagt án þess að notendur þjónustunnar séu hafðir með í ráðum.

Félagsráðgjafar og notendur þjónustu Hjálparstarfs kirkjunnar taka þátt í fjölbreyttu samstarfi til að sporna við fátækt og félagslegri einangrun, stuðla að opinni umræðu og þrýsta á stjórnvöld um að takast á við fátækt á árangursríkan hátt.

Neyðaraðstoð vegna fátæktar

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fólki í félagslegri neyð efnislega aðstoð í samvinnu við presta, djákna, félags- og námsráðgjafa um land allt. Aðstoðinni er ætlað að svara skyndilegri neyð enda er það skylda stjórnvalda að tryggja framfærslu fólks í félagslegum vanda þannig að það fái lifað mannsæmandi lífi til lengri tíma.

Meginmarkmið með aðstoð í neyðartilfellum er að grunnþörfum fólks sé mætt, að fjárhagslegir erfiðleikar ógni ekki heilsu fólks og takmarki ekki möguleika barna og unglinga til farsæls lífs. Faglegt mat félagsráðgjafa Hjálparstarfs kirkjunnar liggur til grundvallar efnislegum stuðningi sem veittur er án tillits til trúar- og lífsskoðana, þjóðernis, litarháttar eða kyns þeirra sem hans leitar.

Ráðgjöf

Félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar hafa sérstakan viðtalstíma og taka á móti fólki sem leitar eftir efnislegri aðstoð á miðvikudögum klukkan 12:00 – 16:00. Í viðtölunum segir fólk frá aðstæðum sínum og hefur með sér gögn um tekjur og útgjöld síðasta mánaðar.

Einstaklingsmiðuð nálgun og notendastýrð þjónustu eru lykilverkfæri félagsráðgjafanna sem leggja höfuðáherslu á að hlusta, ræða við og skilja einstaklingana sem til þeirra leita og vinna með þeim á forsendum þeirra sjálfra. Auk þess að veita ráð og efnislega aðstoð

benda félagsráðgjafarnir fólki á úrræði í samfélaginu sem kunna að gagnast því við að komast út úr erfiðum aðstæðum.

Efnisleg aðstoð


Efnisleg aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar felst í inneignarkortum fyrir matvöru, aðstoð við börn og unglinga sem eru útsett fyrir félagslegri einangrun sökum efnaleysis, aðstoð vegna kaupa á lyfjum og hjálpartækjum og því að fólk getur sótt sér notaðan fatnað til stofnunarinnar án endurgjalds.

Á starfsárinu 2017–2018 nutu 2073 fjölskyldur, samtals um 5600 manns (miðað við 2,7 að meðaltali í fjölskyldu) efnislegar aðstoðar Hjálparstarfs kirkjunnar en það er 55 fjölskyldum fleiri en á starfsárinu 2016–2017 þegar 2018 fjölskyldur, eða um 5500 manns, nutu efnislegar aðstoðar hjá stofnuninni.


Helstu skýringar á því að fjölgað hefur í hópi þeirra sem leita efnislegar aðstoðar hjá Hjálparstarfi kirkjunnar milli starfsára eru að sífellt fleiri einstaklingar í hælisleit og annað fólk sem er nýkomið til landsins leitar til Hjálparstarfs kirkjunnar eftir fatnaði. Nú er svo komið að 90% prósent þeirra sem leita eftir notuðum fatnaði hjá stofnuninni eru af erlendu bergi brotnir.

Þegar á heildina er litið eru hins vegar 65% þeirra sem leita eftir efnislegum stuðningi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar af íslensku þjóðerni og er þá átt við þá sem leita eftir inneignarkortum í matvöruverslunum, aðstoð vegna lyfjakaupa og styrkja til að koma í veg fyrir félagslega einangrun barna og ungmenna sökum fátæktar ásamt notuðum fatnaði.


Efnisleg aðstoð sem veitt var starfsárið 2017–2018, fjöldi skipta.




Fjöldi umsækjenda um efnislega aðstoð hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og fjöldi skipta sem aðstoð var veitt, þróun 2013–2018




Aðstæður umsækjenda starfsárið 2017–2018




Aldur umsækjenda um efnislega aðstoð starfsárið 2017–2018




Kyn umsækjenda um efnislega aðstoð starfsárið 2017–2018




Fjölskyldugerð umsækjenda starfsárið 2017–2018




Ríkisfang umsækjenda starfsárið 2017–2018



Heimilisfang umsækjenda um efnislega aðstoð starfsárið 2017–2018



Húsnæðisstaða umsækjenda um efnislega aðstoð starfsárið 2017–2018



Inneignarkort fyrir matvöru

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fólki sem býr við fátækt neyðaraðstoð til skemmri tíma meðal annars með inneignarkortum í matvöruverslunum en mikil valdefling felst í því að fólk versli sjálft þær nauðsynjar sem það þarf í stað þess að bíða í röð eftir matarpoka sem aðrir hafa fyllt.

Faglegt mat félagsráðgjafa Hjálparstarfs kirkjunnar liggur til grundvallar þegar ákvörðun um efnislegan stuðning er tekin. Umsækjendur eru beðnir um að mæta til viðtals með gögn um tekjur og föst útgjöld sín frá síðustu mánaðamótum og aðstoð er veitt þegar kaupmáttur ráðstöfunartekna er undir viðmiði um lágmarkfjárhæð til framfærslu. Félagsgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar ákveða upphæð á inneignarkorti og hversu oft umsækjandi fær inneign á kortið á ákveðnu tímabili. Að tímabilinu liðnu býðst umsækjanda að koma aftur með uppfærð gögn og staðan er metin að nýju.

Vegna takmarkaðs fjármagns er fullorðnum barnlausum einstaklingum á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum beint til annarra aðila sem aðstoða fólk um matarföng en þar sem Hjálparstarf kirkjunnar er eitt að störfum njóta barnlausir einstaklingar einnig aðstoðar með inneignarkortum í matvöruverslunum.

Á starfsárinu 2017–2018 fékk 1531 fjölskylda inneignarkort fyrir matvöru í 2841 skipti.

Aðstoð við börn og unglinga sem eru útsett fyrir félagslegri einangrun

Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslu á að hlúa að börnum sem búa við fátækt svo þau geti tekið þátt í samfélaginu óháð efnahag.

Foreldrar grunnskólabarna sem búa við kröpp kjör hafa mörg undanfarin ár leitað stuðnings hjá Hjálparstarfinu við að útbúa börnin í skólann. Í skólabyrjun 2017 nutu 114 foreldrar 186 barna stuðnings hjá Hjálparstarfinu en það er svipaður fjöldi og fékk aðstoð haustið 2016. Foreldrarnir fengu flestir inneignarkort í ritfangaversluninni A4, sem og í Lindex og Hagkaupum til að versla skólafatnað.

Hjálparstarf kirkjunnar styrkir börn og unglinga undir átján ára aldri og sem búa við fátækt til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs. Fyrir milligöngu Hjálparstarfs kirkjunnar geta börn og unglingar sem búa við efnislegan skort einnig sótt sumarbúðir og sjálfstyrkingarnámskeið. Fimmtíu og þrjú börn og unglingar undir átján ára aldri fengu styrk á síðasta starfsári til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs, meðalupphæð styrkja var 30.000 krónur.

Framtíðarsjóður er sérstakur sjóður Hjálparstarfs kirkjunnar sem notaður er til að styrkja ungmenni sem búa við fátækt til náms sem gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að lánshæfu námi. Sjóðurinn hefur verið til frá árinu 2006 en markmiðið með styrkveitingu úr honum er að rjúfa vítahring stuttrar skólagöngu, lágra launa og fátæktar. Á síðasta starfsári naut 51 ungmenni styrks til greiðslu skólagjalda í framhaldsskólum og fyrir bóka- og efniskostnaði. Meðalupphæð hvers styrks var um 31.000 krónur.

Aðstoð vegna kaupa á lyfjum og hjálpartækjum

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar fólk í félagslegri neyð þegar sýkingar eða veikindi kalla á óvænt útgjöld vegna lyfjakaupa. Hjálparstarf kirkjunnar greiðir lyfjaverslunum þá beint fyrir lyfin sem aðstoðað er um. Þó er ekki veitt aðstoð við kaup á lyfjum sem eru á lista Lyfjastofnunar yfir ávana- og fíknilyf. Stuðningur vegna kaupa á hjálpartækjum svo sem gleraugum er fyrst og fremst ætlaður börnum og ungmennum.

Á starfsárinu 2017–2018 naut 291 hjálparþurfi um land allt aðstoðar við lyfjakaup í 578 skipti. Meðalupphæð í hvert skipti var 5328 krónur.

Notaður fatnaður

Hópur sjálfbóðaliða aðstoðar fólk sem kemur til Hjálparstarfs kirkjunnar eftir notuðum fatnaði á þriðjudögum klukkan 10:00–12:00 og annar hópur sjálfbóðaliða mætir á miðvikudögum og tekur fatnað sem borist hefur upp úr pokum og töskum, flokkar hann og setur í hillur. Á starfsárinu 2017–2018 sóttu um 1000 einstaklingar og fjölskyldur sér notaðan fatnað hjá Hjálparstarfinu. Sumir komu oftast en einu sinni en sjálfbóðaliðar aðstoðuðu fólk í alls 1311 skipti við að finna fatnað við hæfi. Flestir komu í kringum jól og áramót eða um 250 einstaklingar og fjölskyldur.

Sífelld fleiri einstaklingar í hælisleit og annað fólk sem er nýkomið til landsins leita til Hjálparstarfs kirkjunnar eftir fatnaði en fólk fætt á Íslandi er í miklum minnihluta þeirra sem sækjast eftir þeirri þjónustu. Má leiða líkum að því að íslenskar fjölskyldur leiti frekar

til stórfjölskyldu og vina um notaðan fatnað en að fólk sem hér er tímabundið eða nýsest að hafi ekki það tengslanet að leita til.

Hjálparstarf kirkjunnar nýtur í síauknum mæli velvilja almennings sem gefur nýjan og notaðan fatnað, leikföng og húsbúnað en félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar hafa milligöngu um að koma húsbúnaði og nytjavörum til þeirra sem eru í brýnni þörf.

Jólaaðstoð

Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslu á að aðstoða fjölskyldufólk sem býr við kröpp kjör fyrir jólin svo það geti gert sér dagamun og glaðst með fjölskyldunni yfir hátíðirnar. Alls nutu 1304 fjölskyldur eða um 3500 einstaklingar um land allt aðstoðar fyrir síðustu jól samanborið við 1471 fjölskyldu eða um 4000 einstaklinga á fyrra starfsári.

Aðstoðin tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta fyrir matvöru en fólk fær einnig notaðan fatnað eða inneignarkort fyrir fatnaði og fleira. Þá fá foreldrar efnislega aðstoð svo börnin geti fengið jólagjafir.

Á svæðum þar sem öðrum hjálparsamtökum er til að dreifa einskorðar Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðina við efnalitar barnafjölskyldur. Þar sem Hjálparstarf kirkjunnar er eitt að störfum er einstaklingum einnig veitt sérstök aðstoð fyrir jól en prestar og djáknar um allt land hafa milligöngu um þá aðstoð.

Fyrir jól 2017 var gott samstarf um jólaaðstoð milli Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins í Reykjavík, og við Hjálpræðisherinn, Mæðrastyrksnefndir og Rauða krossinn á Eyjafjarðarsvæðinu og í Árnessýslu. Eins og fyrr gat fólk einnig leitað til presta og djákna í kirkjum vítt um land.

Valdefling og aukin virkni fólks í félagslegri neyð

Efnislegur stuðningur er nauðsynlegur til þess að svara brýnni þörf en til þess að komast út úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar þarf að takast á við aðstæður á breiðum grunni. Undanfarin ár hefur Hjálparstarf kirkjunnar því þróað starfið til þess að svara sem best þörfum þeirra sem til stofnunarinnar leita.

Félagsráðgjafarnir leitast við að styðja fólk við að bæta félagslega stöðu sína og almenn lífsgæði. Markmiðið er að fólk hafi fundið styrk sinn og getu til að takast á við erfiðar aðstæður og til að komast út úr félagslegri einangrun sem oft er fylgífiskur efnaleysis. Sérstök áhersla er lögð á starf í þágu barna og unglinga sem miðar að því að þau hafi sterka sjálfsmynd og séu virkir þátttakendur í samfélaginu.

Virkni og vellíðan – taktu ábyrgð á eigin lífi

Virkni og vellíðan – taktu ábyrgð á eigin lífi er tveggja ára verkefni sem hófst í september 2016. Átta einstæðar mæður sem búa við örorku og eru með unglings á heimilinu tóku þátt í verkefninu sem var ætlað að búa þær undir þau tímamót þegar barnið verður 18 ára og þar með fjárráða. Heimilistekjur minnka verulega við þau tímamót þar sem meðlag, barna-

lífeyrir, barnabætur og húsaleigubætur vegna barns falla þá niður. Þegar börnin verða sjálfráða verður einnig ákveðin breyting á mæðrahlutverkinu.

Við lok verkefnisins í júní 2018 höfðu allar konurnar gert einhverjar breytingar í lífi sínu til góðs. Má þar nefna breytt mynstur í samskiptum við fjölskyldu, betri stjórn á kvíða og félagsfælni, betri fjármálastjórn og bætt heilsufar með því að rækta líkama og sál.

Stattu með sjálfri þér – virkni til farsældar

Stattu með sjálfri þér – virkni til farsældar er verkefni sem hófst í febrúar 2018. Markmið þess til tveggja ára eru að þátttakendur, konur sem búa við örorku og eru með börn á framfæri, fái bætt sjálfsmynd sína og aukna trú á eigin getu, að þær styrki tengslanet sitt til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og að þær eflist í foreldrahlutverkinu.

Verkefnið hefur farið vel af stað og góður andi er í hópnum sem hittist einu sinni í viku undir handleiðslu félagsráðgjafa Hjálparstarfs kirkjunnar. Á fyrstu mánuðum verkefnisins hafa konurnar sótt fjármálanámskeið og sjálfstyrkingarnámskeiðið „Konur eru konum bestar.“ Þær hafa fengið fræðslu um mikilvægi svefns, áhrifaþætti á svefngæði og heppilegar svefnvenjur. Þá hafa þær unnið að markmiðasetningu og velt fyrir sér þáttum sem hafa áhrif á líðan og tilfinningar. Síðast en ekki síst hafa þær velt fyrir sér því hverfula fyrirbæri sem hamingjan er. Verkefnið er unnið samkvæmt samningi við velferðarráðuneytið sem stendur að mestu straum af kostnaði við það.

Taupokar með tilgang

Taupokar með tilgang er verkefni í þágu kvenna sem bíða niðurstöðu hælisumsóknar jafnt sem þeirra sem nýverið hafa fengið hæli hér á landi en eru enn utan vinnumarkaðar. Konur í þessari stöðu hafa tjáð þörf fyrir virkni af einhverju tagi. Til að svara þeirri þörf hafa Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn í sameiningu boðið konunum að taka þátt í saumaverkefni sem um leið er til verndar umhverfinu. Konurnar sníða og sauma fjölnota innkaupapoka úr efni og eða notuðum fatnaði sem almenningur hefur gefið og nota til þess saumavélar sem almenningur hefur gefið sömuleiðis. Krónan er meðal þeirra sem styrkja verkefnið með því að kaupa 500 poka.

Breiðholtsbrúin

Breiðholtsbrúin er vettvangur fyrir fólk á öllum aldri til að hittast, elda góðan mat, borða saman og blómstra á eigin forsendum. Brúin var opin í safnaðarheimili Breiðholtskirkju á mánudögum klukkan 11:30–13:30 síðastliðinn vetur og þar hefur íbúum hverfisins jafnt sem öðrum gefist tækifæri til að kynna nýju fólk, víkka sjóndeildarhringinn og eiga gefandi gæðastund.

Að brúnni standa Hjálparstarf kirkjunnar, Breiðholtskirkja, Fella- og Hólakirkja og Pepp á Íslandi. Markmiðið er að gera gott samfélag enn fjölbreyttara og skemmtilegra. Grillað var í lok vorannar þann 28. maí en Breiðholtsbrúin verður aftur opin í september.

Borðum saman

Borðum saman er samstarfsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar og samfélags Ahmadiyya-múslima á Íslandi sem hófst í mars 2017. Markmiðið er að bjóða fólki sem býr við verulegan skort upp á kvöldmat og notalega stund í Grensáskirkju tvö kvöld í mánuði.

Sumarbúðir fyrir fjölskyldur á Úlfjótsvatni

Góð stemning ríkti í sumarbúðum skáta við Úlfjótsvatn í júní en þá stóðu Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn á Íslandi saman að fjögurra daga sumarfrí fyrir fjölskyldur fimmta sumarið í röð. Tilgangurinn var sem fyrr að stuðla að jákvæðri upplifun fyrir börn og foreldra sem búa við efnislegan skort og hafa alla jafna ekki tók á að fara saman í frí. Tíu fjölskyldur, alls 48 einstaklingar, fóru í fríið að þessu sinni.

Meðal dagskrárlíða voru bogfimi, hjólabátar, kajakar, vatnasafarí, klifur og sund. Sædís Arnardóttir félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar og verkefnisstjóri sumarfrísins sagði að börnin hefðu notið dvalarinnar í botn enda mikið fíflast og leikið úti við. „Svo var mjög gaman þegar nokkrar stelpur tóku bara völdin síðasta kvöldið og stýrðu fjöldasöng og skemmtidagskrá kvöldvökunnar sjálfar,“ sagði hún.

Matjurtarækt í Seljagarði

Hjálparstarf kirkjunnar skipulagði í sumar matjurtarækt á skika í Seljagarði í Breiðholti en verkefnið fór rólega af stað, meðal annars vegna kulda og rigninga. Garðyrkjufræðingur leiðbeindi þátttakendum og var til taks í garðinum á ákveðnum tímum sem auglýstir voru á Facebooksíðu hópsins. Í Seljagarði er frábær aðstaða og gott samfélag. Þar er hægt að rækta salat, kryddjurtir, kartöflur, gulrætur og fleira. Áætlað er að hópurinn komi saman í eldhúsi safnaðarheimilis Grensáskirkju þegar uppskerutíminn gengur í garð og læri geymsluaðferðir og búi til gómsæta grænmetisrétti undir leiðsögn garðyrkjufræðingsins. Lýðheilsusjóður veitti styrk til verkefnisins.

Fræðslu- og málsvarastarf

Auk þess að veita neyðaraðstoð og hjálpa fólki til sjálfshjálpar með valdeflandi verkefnum hefur Hjálparstarf kirkjunnar það hlutverk að fræða almenning á Íslandi um verkefni stofnunarinnar og ástæður fyrir þeim. Með það að markmiði að auka almenna vitund um mannréttindi og mikilvægi sjálfbærni sinnir Hjálparstarf kirkjunnar einnig málsvarastarfi innanlands og utan.

Fræðsla

Fréttablaðið Margt smátt...

Fréttablað Hjálparstarfs kirkjunnar kemur út fjórum sinnum á ári, tvisvar í tímaritsformi, sent til um 4.000 aðila í júní og október, og tvisvar í dagblaðsformi, sent á heimili í landinu með Fréttablaðinu í upphafi jólasöfnunar og í upphafi páskaöfnunar. Í blaðinu er sagt frá starfinu heima og erlendis. Fyrirtæki og samtök kaupa auglýsingar og styrktarlínur í blaðinu.

Fréttabréf til Hjálparliða

Hjálparliðar sem eru reglulegir styrktaraðilar Hjálparstarfs kirkjunnar fá rafrænt fréttabréf um starfið á tveggja mánaða fresti með nýjustu fréttum af starfinu, einni frétt af starfinu innanlands og annarri af starfinu á alþjóðavettvangi.

Samfélagsmiðlar og heimasíða

Á starfsárinu 2017–2018 vann fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar að endurgerð heimasíðu með hugbúnaðarfyrirtækinu Premis. Áætlað var að ný og notendavænni heimasíða fyrir þá sem þurfa aðstoð, vilja fræðast og styrkja starfið yrði tilbúin á fyrri hluta árs 2018 en útgáfu hennar hefur seinkað. Stefnt er að því að ný heimasíða fari í loftið í byrjun árs 2019. Facebooksíða Hjálparstarfs kirkjunnar og Instagram eru notuð til að segja fréttir úr starfinu, auglýsa safnanir og segja frá væntanlegum viðburðum.

Rödd í miðlum

Á starfsárinu 2017–2018 skrifaði starfsfólk Hjálparstarfs kirkjunnar fjórar greinar til birtingar í skoðanadálki Fréttablaðsins til að vekja athygli á verkefnum stofnunarinnar innanlands og utan. Fjallað var um verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Kampala í Morgunblaðinu í júní 2018 og þá var einnig viðtal við Sædísí Arnardóttur um verkefnið í Morgunútvarpi Rásar 2 í apríl 2018. Vilborg Oddsdóttir fór í fjölmörg viðtöl við fjölmiðla vegna félagslegra aðstæðna á Íslandi á starfsárinu, bæði í útvarpi og sjónvarpi, meðal annars í fréttum RÚV í ágúst 2017 við upphaf haustöfnunar Hjálparstarfs kirkjunnar til aðstoðar börnum sem búa við fátækt á Íslandi.

Fræðsla fyrir fermingarbörn og fleiri

Starfsfólk Hjálparstarfs kirkjunnar flutti fræðsluerindi fyrir presta og söfnuði þjóðkirkjunnar, börn í fermingarfræðslu, grunnskólanemendur, félagasamtök og stofnanir eftir óskum þar um.

Málsvarastarf

Hjálparstarf kirkjunnar hefur að markmiði að stuðla að aukinni almennri vitund um mannréttindi og mikilvægi félagslegs réttlætis fyrir almenna farsæld. Stofnunin tekur því þátt í málsvarastarfi innanlands og utan til þess að stuðla að staðbundinni og hnattrænni samstöðu um sjálfbæra þróun og jafnrétti.

Málsvarastarf vegna aðstæðna á alþjóðavettvangi

Í mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu er málsvarastarf tvinnuð saman við verkþætti sem saman stuðla að því meginmarkmiði að þróun verði sjálfbær og að aðstoðin leiði til þess að fólkið á verkefnasvæðum geti hjálpað sér sjálft til frambúðar.

Breytendur

Breytendur - Changemaker á Íslandi, er hreyfing ungs fólks sem hefur talað máli fólks sem býr við fátækt og unnið að því að gera heiminn að sanngjarnari og réttlátari stað með jákvæðum aðgerðum. Hreyfingin er að norskri fyrirmynd og hefur starfað undir verndarvæng Hjálparstarfs kirkjunnar. Heimasíða Breytenda (et. Breytönd) er www.changemaker.is en hreyfingin hefur einnig haldið úti Facebooksíðu. Guðjón Andri Reynisson var ráðinn í 20% starfshlutfall frá júní 2017 til maí 2018 til efla starfið en það hefur legið í lágginni undanfarið. Breytendur voru ekki virkir í lok starfsárs.

Málsvarastarf vegna aðstæðna á Íslandi

Samkvæmt nýjustu gögnum frá Hagstofu Íslands (frá árinu 2014) búa yfir 16 þúsund manns við fátækt á Íslandi og þar af um fimm þúsund við sára fátækt. Brýna nauðsyn ber því til að vinna ötullega að auknu félagslegu réttlæti samfélaginu öllu til farsældar.

Félagsráðgjafar og notendur þjónustu Hjálparstarfs kirkjunnar taka þátt í fjölbreyttu samstarfi til að vinna bug á fátækt og félagslegri einangrun, stuðla að opinni umræðu og þrýsta á stjórnvöld um að taka árangursríkar ákvarðanir til að tryggja farsæld fyrir alla.

Hjálparstarf kirkjunnar á fulltrúa í Velferðarvaktinni sem er óháður greiningar- og álitsgjafi og leggur fram tillögur til stjórnvalda og hagsmunasamtaka um leiðir til að styðja við fólk sem býr við efnislegan skort á réttlátan hátt og til að tryggja rétt barna til lífsafkomu sem nægir þeim til að ná fullum þroska.

Evrópska tengslanetið European Anti Poverty Network er vettvangur fyrir fólk sem býr við

fátækt og berst fyrir félagslegu réttlæti innan og milli samfélaga í álfunni. Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsstarfs Hjálparstarfs kirkjunnar gegnir nú formennsku í Íslandsdeild EAPN en níu félagasamtök eru í tenglanetinu hér á landi.

Pepp Ísland, samtök fólks í fátækt, spruttu upp úr tengslanetinu og starfa á eigin forsendum. Á starfsárinu 2017–2018 stóðu Íslandsdeild EAPN og Pepp Ísland saman að ýmsum viðburðum til að vekja máls á nauðsyn viðhorfsbreytingar í garð þeirra sem búa við fátækt og á því hvar ábyrgð á félagslega fyrirbærinu fátækt liggur.

EAPN og Pepp Ísland stóð fyrir málstofunni Fátækt er ekki aumingjaskapur í Róttæka sumarháskólanum og á Fundi fólksins í september 2017.

EAPN og Pepp Ísland buðu frambjóðendum til alþingiskosninga í mat og umræður um fátækt á alþjóðlegum baráttudegi gegn fátækt þann 17. október 2017.

EAPN og Pepp Ísland stóðu fyrir samtali milli fjölmiðlafólks og fólks með reynslu af fátækt á fjölmiðlavinnustofu í desember 2017.

Á morgunverðarfundum EAPN og Pepp Ísland á Grand Hótel þann 23. febrúar 2018 var hugmyndin um borgaralaun rædd undir yfirskriftinni *Eru borgaralaun málið?*

Fjölmiðlaverðlaun götunnar voru veitt í maí síðastliðinn annað árið í röð, en verðlaunin eru hvatningarverðlaun Pepp Íslands, samtaka fólks í fátækt, til blaða- og fréttamanna fyrir vandaða umfjöllun um fátækt í íslenskum fjölmiðlum. Alls voru 13 fjölmiðlaumfjallanir tilnefndar til verðlaunanna en dómnefnd Pepp verðlaunaði þrjár þeirra sérstaklega. Mikael Torfason hlaut fyrstu verðlaun fyrir útvarpsþætti sína „Fátækt fólk“ á RÚV sem og fyrir að vera mjög virkur í umræðu um fátækt á Íslandi almennt.

Fyrir sveitarstjórnakosningar í vor skoruðu EAPN og Pepp Ísland á ráðherra, þingheim og sveitarstjórnir á Íslandi og í Evrópu að koma strax á viðunandi, aðgengilegum og viðurkenndum viðmiðum um fjárhæð sem dugar til framfærslu. Frambjóðendum var boðið að stíga á stökk í Reykjavík og Akureyri og segja frá því hvernig þeir hygðust tryggja farsæld fyrir alla næðu þeir kjöri. Viðburðirnir voru liðir í rútuferð EAPN um 32 Evrópuríki til að vekja athygli á nauðsyn viðmiða um lágmarksupphæð til framfærslu.

Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsstarfs Hjálparstarfs kirkjunnar var á nýársdag 2018 sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag sitt til samhjalpar og baráttu gegn fátækt í samfélaginu og er Hjálparstarf kirkjunnar að vonum stolt af sinni konu!

Fjármál

Fjáröflun

Tekjur Hjálparstarfs kirkjunnar frá 1. júlí 2017 til 30. júní 2018 námu 310,4 milljónum króna. Fjórar hefðbundnar fjáröflunarleiðir voru farnar á starfsárinu: Haustsöfnun í ágúst og september, söfnun með aðstoð barna í fermingarfræðslu í nóvember og jóla- og páska söfnun. Á starfsárinu lauk einnig landssöfnun til aðstoðar Grænlandingum í samstarfi við Hrókinn, KALAK vinafélags Grænlands og fleiri vegna hamfara á vesturströnd landsins í júní 2017.

Regluleg styrktarframlög frá einstaklingum, prestum og sóknum þjóðkirkjunnar, keyptar styrktarlínur í fréttablaði Hjálparstarfs kirkjunnar, Margt smátt..., kertasala, sala minningarkorta og gjafabréfa af vefsíðunni gjofsemgefur.is renndu einnig styrkum stoðum undir starfið. Þá naut Hjálparstarf kirkjunnar stuðnings stjórnvalda við verkefni á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar erlendis sem og við neyðaraðstoð og valdeflingarverkefni innanlands.

Haustsöfnun – Ekkert barn útundan!

Hjálparstarf kirkjunnar safnaði fyrir aðstoð við efnaminni foreldra í upphafi skólaárs 2017 með valgreiðslukröfu í heimabanka um 2.600 króna framlag en einnig með því að bjóða fólki að senda sms í símanúmerið 1900 með textanum Styrkur en þannig gjaldfærðust 1.300 krónur af símreikningi. Fyrirtæki, félagasamtök og sóknir þjóðkirkjunnar lögðu starfinu auk þess lið með rausnarlegu hætti en alls söfnuðust um 6,4 milljónir króna.

Áheitaþlaup í Reykjavíkumaraþoni og móttaka til heiðurs hlaupurum í Háteigskirkju

Átján hlauparar söfnuðu áheitum fyrir Hjálparstarf kirkjunnar í Reykjavíkumaraþoni þann 19. ágúst 2017 og rann söfnunarféð inn í haustsöfnina Ekkert barn útundan! Reykjavíkuprófastsdæmi vestra hélt móttöku til heiðurs hlaupurunum daginn fyrir maraþon en hlaupið var um götur prófastsdæmisins. Heimir Hallgrímsson, Elín Metta Jensen og Pálmi Matthíasson hvöttu hlaupara til dáða, áheitum var safnað og beðið var fyrir hlaupinu, hlaupurunum og félagasamtökunum í helgistund í Háteigskirkju auk þess sem börn hlauparanna léku á hljóðfæri, lásu ritningarlestra og sungu.

Fjáröflun með aðstoð barna í fermingafræðslu um land allt

Fermingarbörn í 62 sóknum um land allt tóku þátt í fjáröflun fyrir vatnsverkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku í nóvember. Alls söfnuðust um 8,4 milljónir króna. Prestar, annað starfsfólk kirkna, foreldrar og síðast en ekki síst börnin sjálf leggja á sig mikla vinnu við söfnunina og er framlag þeirra ómetanlegt.

Jólasöfnun og styrkir til verkefna frá stofnunum, fyrirtækjum og félagasmtökum

Í jólasöfnuninni 2017 var safnað fyrir vatnsverkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu og Úganda. Heildarsöfnunarfé til verkefna erlendis og til innanlandsaðstoðar í desember og janúar að gjafabréfum meðtöldum var 73 milljónir króna en þar af voru 32 milljónir eyrnamerktar innanlandsaðstoð.

Páskasöfnun

Í páskasöfnun 2018 var safnað fyrir Kampalaverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar með því að senda valgreiðslukröfu í heimabanka landsmanna undir slagorðinu *Gefum þeim séns*. Alls söfnuðust 6,9 milljónir króna.

Gjöfsemgefur.is og framlag.is

Á starfsárinu 2017–2018 keypti fólk gjafabréf Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir um 10,4 milljónir króna á vefsíðunni gjöfsemgefur.is.


Hjálparliðinn

Hjálparliðar styrkja Hjálparstarf kirkjunnar með reglulegu framlagi og gera stofnuninni betur kleift að rétta hjálparhönd þeim sem á þurfa að halda. Hjálparstarf kirkjunnar leitaði liðsinnis Hjálparliða í fyrsta sinn á vorönn 2016 og voru þeir 1660 talsins í lok starfsárs 2017–2018.


Framlög til verkefna og reksturs

Hjálparstarf kirkjunnar varði 311,6 milljónum króna til verkefna og reksturs á starfsárinu. Stofnunin varði alls 63,2 milljónum króna til verkefna í þróunarsamvinnu og 52,9 milljónum króna til mannúðaraðstoðar. Til aðstoðar Grænlandingum runnu 39,6 milljónir króna í sjálfstæðan velferðarsjóð Vinátta í verki. Til verkefna innanlands varði Hjálparstarf kirkjunnar 75,9 milljónum króna og til fræðslustarfs 11,2 milljónum króna.


Tekjur námu 310,4 milljónum króna



Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 311,6 milljónum króna



242,8 milljónum króna var varið til verkefna



Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk

Hlutverk

Hjálparstarf kirkjunnar starfrækir mannúðar- og hjálparstarf í nafni íslensku þjóðkirkjunnar jafnt innanlands sem utan og fræðir íslenskan almenning um það á ýmsum vettvangi. Sem kirkjutengd stofnun nýtur Hjálparstarf kirkjunnar þeirrar sérstöðu að byggja á grasrótarstarfi í nærsamfélaginu en meginmarkmiðin eru bætt lífsskjör þeirra sem búa við fátækt og að mannréttindi séu virt.

Skipulag

Hjálparstarf kirkjunnar er sjálfseignarstofnun skráð í þjóðskrá og fyrirtækjaskrá hjá Ríkisskattstjóra með rekstrarform félagsamtaka. Starfsár stofnunarinnar er frá 1. júlí – 30. júní ár hvert. Yfirstjórn hennar er í höndum fulltrúaráðs en í það skipar kirkjuráð þjóðkirkjunnar fimm fulltrúa, lærða eða leikna, og prófastsdæmi í landinu einn fulltrúa hvert. Auk þess er hverri kirkjusókn heimilt að tilnefna fulltrúa í ráðið. Fulltrúaráð kýs framkvæmdastjórn Hjálparstarfs kirkjunnar og setur henni og endurskoðendum starfsreglur.

Framkvæmdastjórn

Á aðalfundi Hjálparstarfs kirkjunnar þann 23. september 2017 var Gunnar Sigurðsson, tölvufræðingur, kjörinn formaður framkvæmdastjórnar stofnunarinnar. Gunnar tók við keflinu af Ingibjörgu Pálmadóttur sem gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Í framkvæmdastjórn Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið 2017–2018 eru: Gunnar Sigurðsson, formaður, Páll Kr. Pálsson og Salóme Huld Garðarsdóttir. Varamenn í stjórn eru Hörður Jóhannesson og Vigdís Valgerður Pálsdóttir. Salóme og Vigdís eru nýjar í stjórn en auk Ingibjargar hvarf Lóa Skarphéðinsdóttir úr stjórn í september 2017. Bjarni Gíslason er framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar og annast daglegan rekstur stofnunarinnar.

Starfsfólk Hjálparstarfs kirkjunnar

Atli Geir Hafliðason, umsjón með starfi sjálfbodaliða, bókfærslu, tölvumálum o.fl.
sími 528 4407 – netfang atli@help.is

Áslaug Arndal, umsjón með skrifstofu og verkefni á Indlandi
sími 528 4405 – netfang aslaug@help.is

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri, umsjón með mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu
sími 528 4402 – netfang bjarni@help.is

Helena Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi í innanlandsstarfi
sími 528 4404 – netfang helena@help.is

Kristín Ólafsdóttir, umsjón með fræðslu og fjáröflun
sími 528 4406 – netfang kristin@help.is

Sædis Arnardóttir, félagsráðgjafi og umsjón með virkniverkefnum
sími 528 440 9– netfang saedis@elp.is

Vilborg Kristín Oddsdóttir, félagsráðgjafi og umsjón með innanlandsstarfi
sími 528 4403 – netfang vilborg@help.is

Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar

Sjálfkjörin samkvæmt skipulagsskrá stofnunarinnar

Frú Agnes M. Sigurðardóttir biskup

Skipaðir af kirkjuráði

Gunnar Sigurðsson
Páll Kr. Pálsson
Salome Huld Garðarsdóttir
Kristín Magnúsdóttir
Þorsteinn Pálsson

Varamenn kirkjuráðs

Guðbjörg M. Matthíasdóttir
Jón Kristjánsson

Fulltrúar prófastsdæma

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra
Halldór Kristinn Pedersen

Reykjavíkurrófastsdæmi eystra

Magnús Ásgeirsson
Vigdís Pálsdóttir

Kjalarnesprófastsdæmi

Margrét Gunnarsdóttir
Sr. Bragi Ingibergsson

Vesturlandsprófastsdæmi

Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson

Vestfjarðarprófastsdæmi

Helga Friðriksdóttir

Húnavatns- og

Skagafjarðarprófastsdæmi

Sr. Bryndís Valbjarnardóttir
Kristján Kristjánsson

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Sr. Guðmundur Guðmundsson

Austurlandsprófastsdæmi

Sr. Gunnlaugur Stefánsson

Suðurprófastsdæmi

Hafsteinn Stefánsson
Örn Arnarson

Fulltrúar kosnir af prestaköllum

Reykjavíkurrófastsdæmi eystra

Grafarvogssókn
Ásgeir Harðarson

Árbæjarsókn
Guðbjörg Helgadóttir

Breiðholtssókn
Anna M. Axelsdóttir

Fellasókn og Hólabrekkusókn
Guðrún Jónsdóttir
Guðmundur Hermannsson

Seljasókn
Matthildur Sverrisdóttir

Digranessókn
Þórhildur Garðarsdóttir

Hjallasókn
Dýrleif Ingvaradóttir

Kársnessókn
Benedikt Vilhjálmsson

Lindasókn
María Kristín Lárusdóttir

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra

Ássókn
Júlíana Tyrfingsdóttir

Bústaðasókn
Magnús Viðar Skúlason

Dómkirkjusókn
Einar Gottskálfson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

Grensásókn
Steinunn Á. Frímansdóttir
Erik Pálsson

Hallgrímssókn
Guðlaugur Gunnarsson

Háteigssókn
Dúfa S. Einarssdóttir

Langholtssókn
Guðrún Áslaug Einarssdóttir
Anna Þóra Pálsdóttir

Laugarnessókn
Hörður Jóhannesson

Nessókn
Katrín Helga Ágústsdóttir

Seljarnarnessókn
Margrét Albertsdóttir
Guðmundur Magnússon

Kjalarnesprófastsdæmi
Bessastaðasókn
Margrét Gunnarsdóttir

Garðasókn
Torfey Rós Jónsdóttir

Kálfatjarnarsókn
Inga Rut Hlöðversdóttir
Símon Georg Rafnsson

Suðurprófastsdæmi
Selfoskirkja
Vilhjálmur E. Eggertsson
Þórður H. Árnason

Ofanleitissókn
Sigríður Kristjánsdóttir
Guðbjörg Matthíasdóttir

Kirkjubæjarklaustursprestakall
Elín Anna Valdimarsdóttir
Kristín Lárusdóttir

Vesturlandsprófastsdæmi
Akranessókn
Sigríður Kr. Valdemarsdóttir
Ragnheiður Grímsdóttir

Eyjafjarðarprófastsdæmi
Akureyrarsókn
Jón Oddgeir Guðmundsson

Lögmannshliðarsókn
Baldur Dýrfjörð

Þingeyjarprófastsdæmi
Húsavíkursókn
Guðbergur Rafn Ægisson

Heimasíða: www.help.is
Facebooksíða: [@hjalparstarf.kirkjunnar](https://www.facebook.com/hjalparstarf.kirkjunnar)
Instagram: [@hjalparstarfid](https://www.instagram.com/hjalparstarfid)
Gjafabréf: www.gjofsemgefur.is
Framlög: www.framlag.is
Ungliðahreyfingin Breytendur: www.changemaker.is